

eftir að hann flutti á Elliheimilið, og verður með engu móti fallizt á það með húsaleigunefnd, að hann hefði mátt sjá það heilsutjón sitt fyrir. Verður að fallast á það með gerðarbeiðanda, að honum muni að miklum mun örðugra að greiða vistgjald fyrir sig og konu sína, eftir að svo er komið. Sonur gerðarbeiðanda, Guðmundur Óskar, og ofanefnd Guðrún Davíðsdóttir hafa nú gengið í hjónaband samkvæmt hjónavigsluvottorði, er fólgeta hefur verið sýnt, og verður að telja, eftir því, sem komið hefur fram í málinu, að þeim sé húsnæðisvant til heimilisstofnunar.

Samkvæmt þessum tveim síðastnefndu atriðum verður að telja þörf gerðarbeiðanda og fjölskyldu hans fyrir húsnæði gerðarþola svo brýna, að rétt þykir að gerðin nái fram að ganga.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 6. október 1947.

Nr. 54/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Lárus Fjeldsted)

gegn

Jakobi Lofti Guðmundssyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ölvun við akstur. Tilraun.

Dómur hæstaréttar.

Hátterni kærða, sem rétt er lýst í forsendum héraðsdóms, varðar við 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. laga nr. 33/1935. Er refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 10 daga. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ber að svipta kærða leyfi til að stjórna bifreið 6 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Jakob Loftur Guðmundsson, sæti varðhaldi 10 daga. Hann skal sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Fjeldsteds og Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. nóvember 1946.

Ár 1946, föstudaginn 15. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnsyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3613/1946: Valdstjórnin gegn Jakobi Lofti Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn kærða fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði er Jakob Loftur Guðmundsson bifreiðarstjóri, Miðstræti 8 B hér í bæ, fæddur 23. desember 1917 að Höfðaströnd í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum, öllum í Reykjavík:

1945 $2\frac{1}{10}\%$ Sátt, 50 kr. sekt, 250 kr. skaðabætur fyrir ölvun og rúðubrot.

1946 2% Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um einstefnuakstur.

1946 $\%$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.

Málavextir eru þessir:

Klukkan 1,30 aðfaranótt föstudagsins 10. maí s. l. voru lögregluþjónarnir Jóhannes Björgvinsson og Jón Þorgrímur Jóhannsson á gangi um neðanverða Hverfisgötu. Sáu þeir þá, að kærði gekk frá dyrum Alþýðuhússins að bifreiðinni R 3446, sem stóð í Ingólfsstræti. Gerði kærði tilraun til að setja bifreiðina í gang með því að ræsa hana. Lögregluþjónarnir höfðu séð kærða skömmu áður við dyr Alþýðuhússins og höfðu þá séð, að hann var undir áhrifum áfengis, og gengu því til hans, þar sem hann sat í bifreiðinni. Var þá kominn í bifreiðina auk kærða Valgeir Hilmar Vídalín,

Sundlaugaveg 9 B. Tóku lögregluþjónarnir bifreiðina í sína vörzlu og færðu kærða á lögreglustöðina, en þaðan var honum leyft að fara, eftir að varðstjóri hafði haft tal af honum.

Kærði hefur við rannsókn málsins játað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn. Kveðst hann hafa verið á dansleik í Alþýðuhúsinu um nóttina og neytt þar áfengis, sem hinir og þessir menn, sem kærði hefur ekki getað nafngreint, gáfu honum. Hann hafi, er hann fór af dansleiknum, hitt Valgeir Vídalín, og hafi Valgeir beðið hann að aka sér heim. Kveðst kærði hafa lofað Valgeir því og hafi þeir síðan sett upp í bifreiðina R 3464, sem stóð í Ingólfsstræti, en bifreið þessa á kærði, og hafði hann komið í henni um kvöldið. Er þessi frásögn hans í fullu samræmi við framburð lögregluþjónanna, sem handtóku kærða, svo og framburð Valgeirs Hilmars Vídalíns, sem kveðst hafa séð kærða ganga að bifreiðinni, og hafi hann þá beðið hann að aka með sig heim og kærði fallið á það. Valgeir kveðst fyrst hafa veitt því athygli, að kærði var undir áhrifum áfengis, er hann var kominn upp í bifreiðina.

Kærði hefur þrátt fyrir þetta eindregið neitað því, að hann hafi ætlað að aka bifreiðinni, enda neitaði hann því strax, er lögregluþjónarnir spurðu hann að því. Sagði hann þeim þá, að hann ætlaði að lofa Valgeir að heyra hljóðið í vélinni. Við réttarrannsókn hefur kærði hins vegar haldið því fram, að hann hafi ætlað að setja vélina í gang til að hita upp stýrishúsið, en bifreið kærða er frambyggð, þannig að vélin er inni í stýrishúsinu. Segist kærði hafa gert þetta, af því að hann ætlaði að tala við Valgeir um stund.

Eins og atvikum hefur verið lýst hér að framan, þykir ekki mark takandi á mótbárum kærða gegn því, að hann hafi ætlað að aka bifreiðinni, með því að mótbáru hans eru ósennilegar, og eins er upplýst, að hann hafði lofað að aka Valgeir Vídalín heim til hans. Með því að sannað er með játningu kærða og vitnaframburðum, að kærði var undir áfengisáhrifum og gerði raunverulega tilraun til að setja bifreiðina í gang, þykir hann hafa gerzt brotlegur við 38. grein bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Með því að neyta áfengis á opinberum veitingastað, þar sem ekki var vinveitingaleyfi, hefur kærði brotið 1. mgr. 17. gr. sbr. 37. gr. áfengis-laga nr. 33 9. janúar 1935.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 7 daga.

Þá ber að dæma kærða til að greiða allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði, Jakob Loftur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 7 daga. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.